



EVROPURÁÐIÐ OG FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
ÞAKKA EFTIRTÖLDUM FYRIR AÐSTÖÐINA VIÐ UNDIRBÚNING  
ÞESSA LEIÐBEININGARITS: FRANK HEYWORTH, TONY FITZPATRICK,  
MARIE-JOSÉ GREMMO, IRENA MASKOVA, LAURA MURESAN,  
ULLA NISSEN, GEORGES PAPADOPOULOS.

**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ: SMÁRIT 7**

ÚTGEFANDI: MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

SÖLVHÓLSGÖTU 4, 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 560 9500

BRÉFASÍMI: 562 30 68

NETFANG: postur@mrn.stjr.is

VEFFANG:

[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

UMSJÓN OG UMBROT: ATHYGLI EHF.

PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VIÐEY EHF.

ISBN 9979-882-68-9



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

EVROPUSAMBANDIÐ OG EVRÓPURÁÐIÐ STUÐLA Á ÝMSAN HÁTT  
AÐ ÁRANGURSRÍKU TUNGUMÁLANÁMI.  
NÁNARI UPPLÝSINGAR FÁST HJÁ EFTIRTÖLDUM:

**COUNCIL OF EUROPE**

MODERN LANGUAGES DIVISION

DIRECTORATE OF SCHOOL, OUT-OF-SCHOOL AND HIGHER EDUCATION

F-67075 STRASBOURG CEDEX

BRÉFASÍMI: +33 3 88 41 27 06 / +33 3 88 41 27 88

NETFANG: [decs-lang@coe.int](mailto:decs-lang@coe.int)

VEFFANG: <http://culture.coe.int/lang>

<http://culture.coe.int/portfolio>

<http://www.ecml.at>

**EUROPEAN COMMISSION**

DIRECTORATE-GENERAL FOR EDUCATION AND CULTURE

LANGUAGE POLICY UNIT (B4)

RUE DE LA LOI / WETSTRAAT 200

OFFICE B-7

B-1049 BRUSSELS

BRÉFASÍMI: + 32 2 299 6321

NETFANG: [info-2001@cec.eu.int](mailto:info-2001@cec.eu.int)

VEFFANG:

<http://europa.eu.int/comm/education/languages/index.html>

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM EVRÓPSKA TUNGUMÁLAÁRIÐ 2001

FÁST Á VEFFANGINU [www.eurolang2001.org](http://www.eurolang2001.org) OG Á VEFFANGI

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS

[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

**Leiðir til að læra tungumál  
á árangursríkan hátt**

Í ÞESSU UPPLÝSINGARITI, SEM GEFIÐ ER ÚT AÐ TILSTUÐLAN  
EVROPUSAMBANDSINS OG EVRÓPURÁÐSINS, ER AÐ FINNA  
NOKKRAR ÁBENDINGAR UM ÁRANGURSRÍKT TUNGUMÁLANÁM.

**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ 2001**

**Það getur kostað tíma og áreynslu að læra tungumál en það geta allir og er svo sannarlega þess virði.**

Þótt fólk kunni aðeins fáein orð fær það betri viðtökur en ella í skemmti- eða viðskiptaferðum. Og haldi fólk áfram opnast stöðugt nýjar dyr, maður kynnist nýju fólki og nýjum hugsunarhætti og eykur jafnvel atvinnumöguleika sína. Við bætist svo sú tilfinning að hafa áorkað einhverju.

Það er upplagt að fara og læra tungumál í Evrópu þar sem mörg málsamfélög og menningarheimar þrífast í nánnum tengslum hvert við annað.

## Milljónir tala erlend tungumál en fjöldi fólks telur sig ekki hafa getu til að læra nýtt tungumál

HANN VAR FRÁBÆR  
OG MIG LANGAÐI TIL  
AÐ SKRIFA HONUM Á  
PORTUGÖLSKU. ÞESS  
VEGNA FÓR ÉG Á  
NÁMSKEIÐIÐ...

**„ÉG FÉKK ALDREI TÆKIFÆRI TIL AÐ LÆRA TUNGUMÁL OG NÚ ER ÉG ORÐIN(N) OF GAMALL / GÖMUL“**

MAÐUR ER ALDREI OF GAMALL TIL AÐ LÆRA. OFT ER SAGT AÐ BÖRNUM GANGI BETUR AÐ TILEINKA SÉR TUNGUMÁL EN ÞAÐ ER EKKI SATT, FULLORÐNUM ÞYKIR EINNIG GAMAN AÐ LÆRA OG ÞEIR NÁ GÓÐUM ÁRANGRI.

**„ÞAÐ TEKUR MÖRG ÁR AÐ LÆRA ÖLL ORÐIN OG MÁLFRÆÐINA“**

EKKI ER NAUÐSYNLEGT AÐ LÆRA MÁLIÐ TIL HLÍTAR, HÆGT ER AÐ BYRJA SAMSKIPTI Á NÝJU TUNGUMÁLI MEÐ DÁLÍTILLI GRUNNÞEKKINGU OG BÆTA SÍÐAN STÖÐUGT VIÐ HANA.

**„ÉG VAR VONLAUS Í TUNGUMÁLUM Á SKÓLAÁRUM MÍNUM“**

ÞÓ AÐ FÓLK HAFI EKKI STAÐIÐ SIG VEL Í SKÓLA GENGUR ÞVÍ OFT VEL AÐ LÆRA ERLEND TUNGUMÁL SÍÐAR. NÚTÍMA KENNSLUAÐFERÐIR ERU SKEMMTILEGAR OG HJÁLPA FÓLKI VIÐ AÐ EIGA TJÁSKIPTI OG NJÓTA ÞESS AÐ BEITA TUNGUMÁLINU.

„Ég veit ekki hvar ég á að byrja“

**Lestu áfram og fáðu góð ráð!**

**„MÉR FINNST VANDRÆÐALEGT AÐ GERA MÖRG MISTÖK“**

MISTÖKIN ERU LIÐUR Í ÞVÍ AÐ LÆRA TUNGUMÁL OG FÓLK VEIT ÞAÐ. ÞVÍ ER ÁSTÆÐULAUST AÐ HAFNA ÁHYGGJUR. LÁTTU REYNA Á ÞAÐ!

**„NÚ Á DÖGUM ÞARF BARA AÐ KUNNA ENSKU“**

ENSKAN GETUR KOMIÐ SÉR VEL EN DUGAR EKKI TIL ALLS. MAÐUR SKILUR MIKLU BETUR ANNAÐ FÓLK OG HVAÐ ER Á SEYÐI MEÐ EINHVERRI ÞEKKINGU Á TUNGUMÁLI ÞESS.

## HUGSAÐU UM ÞAÐ SEM ÞÚ VILT GETA GERT

- Læra málið ánægjunnar vegna?
- Kynnast framandi menningarheimi?
- Eiga betri samskipti í vinnunni (í síma, á fundum, að taka á móti viðskiptavinum)?
- Fá betra starf?
- Ræða við vini og ættingja?
- Bjarga sér í heimsókn til annars lands?
- Lesa dagblöð?
- Nota Netið?

# Áður en þú hefst handa

Mundu að það að læra tungumál hefur einnig í för með sér að þú kynnist nýjum hugsunarhætti og lifnaðarháttum.

MÉR FINNST GAMAN AÐ VAFRA UM NETIÐ. ÉG GET NÚ LESIÐ SPÆNSKU AUK ENSKU OG FÆ ÞANNIG AÐGANG AÐ MIKU MEIRI UPPÞYSSINGUM EN ÁÐUR.

ÞÚ SKALT SKIPULEGGJA TUNGUMÁLANÁM ÞITT ÞANNIG AÐ ÞAÐ HENTI ÞÉR OG DAGLEGU SKIPULAGI ÞÍNU. ÞANNIG NÆST BETRI ÁRANGUR EN ELLA.

Veltu fyrir þér:

- Hve mikinn tíma hef ég aflögu vikulega í námið?
- Get ég skipulagt fasta stundaskrá?
- Hvaða hjálpartækjum ræð ég yfir, segulbandstæki, tölvu, myndbandi o.s.frv.?
- Hvar get ég náð mér í námsefni, á bókasöfnum, í bókaverslunum, söluturnum og verslunum, á breiðbandinu, í gervihnattasjónvarpi, fjölvarpinu o.s.frv.?

## HVERNIG OG HVAR VILT ÞÚ LÆRA?

- Hratt og af einbeitni **EDA** á lengri tíma ?
- Með vinum / í hópi **EDA** á eigin spýtur?
- Sjálfsnám/fjarnám **EDA** með kennara?
- Í vinnunni **EDA** heima?
- Í heimalandi þínu **EDA** erlendis?

## HVERNIG AÐFERÐIR OG NÁMSEFNI MYNDU HENTA ÞÉR?

### DÆMI:

Fá samtaltíma með einstaklingi sem hefur málið að móðurmáli

Hlusta á hljóðsnældur á ferðalögum (t.d. í bíl eða flugi)

Nota námsbók

Lesu dagblöð og tímarit

Nota Netið

Nota geisladiska

Horfa á myndbönd

Einbeita þér að talþjálfun

Einbeita þér að málfræðiafingum

Ef þú hefur nú þegar reynslu af tungumálanámi skaltu velta fyrir þér hvernig málanám hentar þér best. Það auðveldar þér val námskeiða eða námsbóka við hæfi.

NORÐURJÖNDIN ERU NÁGRAMMAR OKKAR OG VIÐ FÖRUM OFTAR ÞANGAÐ EN ÁÐUR FYRST VIÐ ERUM FÁRIN AÐ SKIJA TUNGUMÁJIN ÞOKKAJEGA.

# Hvernig viltu læra?

FYRIRTÆKIÐ OKKAR VAR  
AÐ GERA STÓRSAMNING.  
STARFSMAÐUR OKKAR Í  
MÓTTÖKUNNI TALAR RÚSSNESKU  
OG ÞAÐ AUFVEIÐAÐI MJÖG  
FYRSTU SAMSKIPTIN.

Til eru fjölmargar ólíkar námsleiðir. Þær hafa allar sína kosti og galla og mismunandi leiðir gætu hentað þér á mismunandi tímum. Hér eru nokkur dæmi:

## AÐ LÆRA Í HEIMALANDI SÍNU

### Í HÓPI

Kennsla einu sinni til tvisvar í viku nálægt heimili eða vinnustað hentar fjölmörgum (en auðvitað ekki öllum):

- Það getur verið gaman að læra í hópi
- Hjá góðum kennara gefast fjölmörg tækifæri til að æfa sig í tungumáliinu
- Hægt er að finna sér félagar til að læra með utan kennslustunda
- Yfirleitt er um fasta stundatöflu að ræða (þótt oft sé hægt að velja milli hádegis, kvölda, helga o.s.frv.)

EINNIG ER HÆGT AÐ KOMAST Á HRAÐNÁMSKEIÐ OG SÉRHÆFD NÁMSKEIÐ EF ÞEIRRA ER ÞÖRF.

ÞAÐ KOMA MARGIR ÞÝSKU  
OG FRÖNSKUMÆLANDI  
FERÐAMENN TIL REYKJAVÍKUR  
OG ÞAÐ KEMUR SÉR VEI  
FYRIR IEGUBÍSSTJÓRA  
EINS OG MIG AÐ GETA  
TALAÐ VIÐ ÞÁ.

## EINN

með sjálfsnámsefni eða með tungumálabáttum úr útvarpi eða sjónvarpi:

- Innihald og námshraði sniðið að eigin þörfum og markmiðum
- Ekki er um neina fasta stundaskrá að ræða, þú lærir eins mikið og þú vilt þegar þú getur
- Námið er á eigin vegum og því þarftu sjálf(ur) að hvetja þig áfram  
Í SJÁLFSNÁMI ER STUNDUM BOÐIÐ UPP Á STUÐNING KENNARA, ANNADHVORT Á STAÐNUM EÐA SEM FJARNÁM.

## AÐ LÆRA ERLENDIS

Að fara á tungumálanámskeið til útlanda:

- Yfirleitt er um að ræða hraðnámskeið til að hægt sé að læra mikið á stuttum tíma
- Þú ert í miðri hringiðu viðkomandi tungumáls og menningar
- Þú nærð tengslum við heimamenn og kynnist lífsháttum þeirra
- Það gæti reynst kostnaðarsamt
- Það gæti reynst erfitt að finna hentugan tíma  
ÞAÐ ER EINNIG HÆGT AÐ LÆRA ERLENDIS Í FRÍTÍMA, EF FÓLK VILL LEGGJA ÞAÐ Á SIG, EÐA MEÐ ÞVÍ AÐ VINNA ERLENDIS.

## TUNGUMÁLANÁM Á NETINU

Nú á tímum gefast stöðugt fleiri tækifæri til að nota Netið til tengsla við fólk um allan heim.

ÉG VIÐ BJÓÐA GESTI  
MÍNA VEIKOMNA MEÐ  
ÞVÍ AÐ SEGJA NOKKUR  
ORÐ Á ÞEIRRA EIGIN  
TUNGUMÁLI.

# Að finna námskeið

Í símaskránni er yfirleitt að finna nánari upplýsingar um málaskóla ásamt heimilisföngum, símanúmerum og netföngum.

Það gefast einnig aðrir kostir og oft eru þeir ódýrari. Á flestum þéttbýlissvæðum eru stofnanir sem sinna fræðslu fullorðins fólks og bjóða tungumálanám. Í sumum skólum og háskólum er boðið upp á mislöng námskeið. Einnig er bent á símenntunarmiðstöðvar, námsflokka og endurmenntunarstofnanir. Oft er hægt að fá upplýsingar á almenningsbókasöfnum. Menntamálaráðuneytið eða skólaskrifstofur gætu veitt aðstoð eða gefið upplýsingar um hvar hægt er að fá ráðgjöf í þessum efnum.

Einnig er hægt að leita á Netinu með því að nota lykilorð á borð við „language courses“ eða „málanám“ ásamt heiti þess staðar þar sem þú býrð.

Þeir sem eiga heima fjarri málaskólum eða kjósa að læra út af fyrir sig eiga oft kost á fjarnámi, annaðhvort hjá fræðslustofnun fullorðinna í heimahéraði eða hjá opinberri fræðslustofnun, s.s. framhaldsskólum, öldungadeildum, símenntunarmiðstöðvum eða háskólum.

Í flestum stærri bókabúðum er hægt að finna gott úrval námsefnis til sjálfsnáms.

VIÐ FÖRUM Á  
GRÍSKUNÁMSKEIÐ  
Í VOR OG NUTUM  
SUMARJEYFISINS  
MIKU BETUR.

## Að velja gott námskeið

### HÉR ERU NOKKRAR ÁBENDINGAR TIL AÐ AUÐVELDA ÞÉR VALIÐ:

- Óskaðu alltaf eftir því að fá að skoða skólann, og ef hann er erlendis, aflaðu þér eins mikilla upplýsinga og hægt er til dæmis um húsnæði og félagslega starfsemi.
- Gefur skólinn þér skýrar upplýsingar um kennsluáætlanir, stærð hópa og það námsstig sem hentar þér?
- Er starfsliðið með full réttindi?
- Býður skólinn upp á góðan búnað og aðstæður?
- Er skólinn viðurkenndur af til þess bærnum yfirvöldum? Fylgjast yfirvöld menntamála eða óháð samtök reglulega með starfsemi hans?
- eru yfirlýsingar ánægðra nemenda skólans lagðar fram?
- Er veitt aðstoð við undirbúning á töku þeirra prófa sem þú hyggst taka?

## Þegar þú hefur hafist handa

Það er skemmtilegt að læra tungumál en áhuginn þarf að vera til staðar svo námið gangi vel. Því virkari sem þú ert, þeim mun betri árangri nærðu.

Þú skalt ekki gefast upp þótt á móti blási. Ræddu við kennara eða einhvern samnemanda. Það má líka taka sér hlé frá námi og þannig safna nýjum kröftum áður en lengra er haldið.

KRAKKARNIR ERU  
NÝFARNIR AÐ LÆRA  
FRÖNSKU Í SKÓLANUM.  
VIÐ SÆKJUM LÍKA  
FRÖNSKUTÍMA SVO  
VIÐ GETUM HJÁLPAÐ  
ÞEIM MEÐ HEIMANÁMIÐ.

# Hagnýtar ábendingar

- Reyndu ekki að læra allt í einu. Settu þér skýr og raunhæf markmið og lærðu á þeim hraða sem hentar þér best.
- Vertu opin(n) fyrir nýjum námsleiðum, nýjum aðferðum og nýrri tækni sem gæti gagnast þér.
- Notaðu öll tækifæri sem gefast til að tala tungumálið.
- Ekki óttast að gera mistök. Þú getur unnið skipulega að fækkun mistaka en aðalatriðið er að koma því til skila sem þú vilt segja.
- Rifjaðu upp það sem þú hefur lært og farðu reglulega yfir það sem þú hefur tileinkað þér.

## Að lesa og hlusta

- Það er mjög mikilvægt að lesa mikið og hlusta. Því meira sem þú hlustar, þeim mun betur gengur þér að tala. Lestu nýtist þér til að ná betri tökum á skriflega þættinum.
- Lestu og hlustaðu á texta þar sem tungumálið er notað á eðlilegan hátt (dagblöð, sjónvarp, útvarp).
- Mundu að þú þarft ekki að skilja hvert einasta orð til að vera með á nótunum.
- Kannaðu framfarir þínar. Rifjaðu upp það sem þú ert þegar búinn að fást við. Virðist það vera orðið auðveldara en áður?

## Að skrifa

- Reyndu að finna þér tækifæri til að eiga skrifleg samskipti t.d. með tölvupósti, póstkortum, bréfum o.s.frv.
- Lestu yfir það sem þú ert búin(n) að skrifa. Með ritun gefst góður tími til fara yfir og leiðrétta villur.

## Að tala

- Æfðu þig í að tala eins mikið og þú getur (talaðu við samnemendur þína, útlendinga sem þú hittir og jafnvel sjálfa(n) þig!)
- Ef þú kemur til lands þar sem það mál sem þú ert að læra er talað en fólk ávarpar þig á tungumáli þínu eða ensku, útskýrðu að þú kjósir heldur að tala þeirra eigið mál.
- Leggðu á minnið það sem þú þarft oftast að segja þegar þú umgengst fólk, ferð í verslanir o.s.frv.
- Fæstir ná að bera erlent tungumál óaðfinnanlega fram. Það skiptir ekki máli, svo fremi að fólk skilji hvað þú segir.

## Orðaforði

- Auðveldara er að læra ný orð ef þú flokkar þau í hópa eftir merkingu.

**KENRARAR KENNA EN ENGINN GETUR LÆRT NEMA NÁMSMAÐURINN. ÞEGAR ALLT KEMUR TIL ALLS ERT ÞÚ ÁBYRGUR FYRIR FRAMFÖRUM ÞÍNUM.**

**BESTA NÁMSAÐFERÐIN ER SÚ SEM SKILAR ÞÉR BESTUM ÁRANGRI.**